

lágur, að jafnvel drengurinn varð að beygja sig, þegar hann gekk inn. Hann gekk inn í anddyrið og þreifaði eftir klinkunni á stofudyrunum.

"Ert það þú, Móríts?" spurði veik og kvíðasull rödd innan úr herberginu.

"Já, mamma, ég kem strax".

"Nú, guði sé lof!"

Móríts opnaði dyrnar og kom inn í kalt og niðadimt herbergi, þar sem maður sá ekki þverhönd frá sér.

"Hamingjunni sé lof, að þú ert kominn ástur, elsku barnið mitt", sagði blíð og veikluleg kvenrödd, sem kom frá rúmi, er stóð í horninu. "Ég hef verið svo hrædd um, að þú hefðir vilst í skóginum, eða að úlfarnir hefðu deytt þig. Hvers vegna hefðu verið svona lengi?"

"Vertu nú hughraust, góða mamma mín", svaraði pilturinn. "Ég kem með stóran bagga af eldivið, og nú skal ég kveikja upp eld, svo að þér geti hlýnað. Svo skal ég sjóða handa þér súpu af litla ketbitanum, sem við eigum eftir, og að því búnu skal ég segja þér, hvað fyrir mig kom".

"Það, sem fyrir þig kom? Þú hefir þó ekki verið í neinni hættu?"

"Nei, nei, engri hættu, en samt sem áður getur maður orðið fyrir smáum æfintýrum. Hvernig líður þér núna, mamma?"

"Ég er mjög máttlaus og svo er mér kalt, þó ég liggi í fötunum, en að öðru leyti er mér ekki illt".

"Vertu nú róleg, bráðum fáum við hita. Ó, ég er holdvotur, því það er sí-rigning".

"Vesalings drengurinn minn, ég vildi að guð gæfi, að þú yrðir ekki veikur".

"Það er ekki hætt við því, mamma. Hana nú, þar eru kvistirnir farnir að loga".

Innan skamms var orðið bjart og heitt í stofunni.